

Skóla- og frístundaráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur, fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmíssi 2024.

Greinargerð:

Vegna aukinnar vitundar um mikilvægi þess að ungmenni læri um fjármál, atvinnumarkaðinn og réttindi á vinnumarkaði telur ungmennaráð Grafarvogs að tryggja þurfi kennslu um þessi viðfangsefni. Innleiðing á kennslu í fjármálalæsi myndi styðja við leiðarljós menntastefnu Reykjavíkurborgar sem felst í því að búa börn undir það hlutverk að vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Utfærsla af þessari tillögu gæti til dæmis verið í formi skylduáfanga fyrir ákveðna árganga en gætu einnig fallið undir kennslu í öðrum námsgreinum, s.s. samfélagsfræði.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.